


Mikið úrval er til af getnaðarvörnum, en samt geta óhöpp orðið. Þá er gott að vita af Postinor, neyðargetnaðarvörninni.



Hvað er Postinor? Postinor er ætlað til notkunar eftir óvarðar samfarir, eða ef getnaðarvarnir hafa brugðist. **Postinor er ekki fóstureyðingarpilla.** Hún getur ekki rofið þungun sem þegar er hafin.

Postinor inniheldur hormónið levonorgestrel, 1,5 mg, sem er einnig að finna í getnaðarvarnatöflum.

Postinor á ekki að nota sem getnaðarvörn, - öryggið er heldur minna en við rétta notkun t.d. p-pillunnar.

Hvernig ver Postinor gegn óæskilegri þungun? Mikilvægasti verkunarmátinn er talinn vera að Postinor hindrar eða tefur egglos.




Hvernig á að taka Postinor - hve árangursrík er meðferðin?

Taka á töfluna eins fljótt og hægt er, innan 72 klst (3 sólarhringa) eftir óvarðar samfarir. Líkur á að Postinor komi í veg fyrir þungun eru meiri, því fyrr sem taflan er tekin eftir óvarðar samfarir (58-93% árangur).




Aukaverkanir: Eru sjaldgæfar, en geta verið ógleði, höfuðverkur, þreyta, svimi eða brjóstspenna. Ef uppköst verða innan tveggja klst. frá því að taflan var tekin, þarf að taka aftur aðra töflu eins fljótt og mögulegt er.







Hve oft má taka Postinor? Ekki er ráðlegt að nota Postinor oftar en einu sinni í tíðarhring. Öryggið er mun minna en við notkun getnaðarvarna, t.d. p-pillunnar. Ef Postinor er notað oftar í mánuði getur það leitt til óreglulegra blæðinga.



Þungunarpróf: Ef næstu blæðingar verða óeðlilegar, eða ef þeim seinkar um meira en 5 daga, er ráðlegt að gera þungunarpróf. Athugið að blæðing getur orðið á meðgöngu, þannig að það er ekki öruggt merki um að þungun hafi ekki orðið.



Hvað með getnaðarvarnir eftir Postinor notkun? Hætta á þungun er enn til staðar, það sem eftir er tíðarhrings og getur jafnvel verið meiri vegna þess að egglosi getur hafa seinkað. Ef þú ert á p-pillunni skaltu halda áfram að taka hana eins og venjulega. Annars er mælt með notkun smokks fram að næstu blæðingum.




Ef þörf er á neyðargetnaðarvörn einu sinni, er ráðlegt að íhuga notkun fyrirbyggjandi getnaðarvarna, t.d. p-pillunnar, í framhaldi af því.

Hvað ef þú ert með barn á brjósti?

Það er hægt að nota Postinor meðan á brjóstagjöf stendur. Örlítið magn af hormóninu berst yfir í brjóstamjólkina, en til þess að barnið fái eins lítið magn af því og hugsast getur, á að gefa brjóst rétt áður en tafla er tekin. Næst þegar gefa á brjóst, á til öryggis að handmjólka og henda mjólkinni.

Má taka Postinor með öðrum lyfjum?

Áhrif Postinor geta verið minni ef um leið eru tekin sum önnur lyf, t.d. lyf við flogaveiki, sum sýklalyf, berklalyf, ákveðin lyf við HIV-sýkingum auk náttúrulyfja sem innihalda Jóhannesarjurt. (sjá nánar í fylgiseðli með Postinor pakkningu).



Geta allar konur notað Postinor? Mælt er með því að konur með mjög skerta lifrarstarfsemi eða alvarlega meltingarsjúkdóma (t.d. Crohns sjúkdóm) noti ekki Postinor.

Smokkar eru besta vörnin gegn kynsjúkdómum. Postinor ver ekki gegn kynsjúkdómum. Smokkurinn er eina vörnin gegn kynsjúkdómum, um leið er hann getnaðarvörn, þó ekki eins örugg og margar aðrar getnaðarvarnir.

Ef grunur leikur á því að þú sért með kynsjúkdómasmit, skaltu leita til læknis eða á


Húð- og kynsjúkdómadeild í Þverholti 18, sími 543 6053.

Ráðgjöf um getnaðarvarnir er hægt að fá hjá læknum, hjúkrunarfræðingum, ljósmæðrum, lyfjafræðingum eða á eftirtöldum stöðum:

Heilsugæslustöðvar / unglingamóttökur
(sjá heilsugæslustöðvar í símaskrá)
Ráðgjöf um getnaðarvarnir, Kvinnadeild
Landspítalans v/Hringbraut s: 543 3265
Kvensjúkdómalæknar (sjá gulu síðurnar í
símaskrá)

Heimildir:

1. Task Force on Postovulatory Methods of Fertility Regulation. Randomised controlled trial of levonorgestrel versus the Yuzpe regimen of combined oral contraception. *Lancet* 1998;352:428-433
2. Bracken MB. *Obstetrics and Gynecology* 1990; 76: 552-557



- Postinor er neyðargetnaðarvörn, til að nota eftir óvarðar samfarir eða ef aðrar getnaðarvarnir hafa brugðist
- Töfluna á að taka eins fljótt og mögulegt er, í síðasta lagi innan 72 klst. (3 sólarhringum) eftir óvarðar samfarir
- Postinor fæst án lyfseðils í apótekum



icepharma

Lynghálsi 13 · 110 Reykjavík · Sími 540 8000